



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um leiguverð hjá Félagsbústöðum sem hlutfall af markaðsleigu

Þann 15. janúar lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um leiguverð hjá Félagsbústöðum sem hlutfall af markaðsleigu:

Lengi hefur verið talað um að leiguverð hjá Félagsbústöðum miðist við ákveðið hlutfall af leiguverði á almennum leigumarkaði og nefnt í því samhengi að leiga hjá Félagsbústöðum hafi verið um 60% af markaðsleigu. Hvernig er það hlutfall í dag og hver hefur þróunin verið síðustu 10 árin? Einnig er spurt um hæsta leiguverð hjá Félagsbústöðum og fermetrastærð þeirrar íbúðar.

Svar:

Til þess að svara fyrirspurninni þá voru skoðuð gögn í málaskrá velferðarsviðs er varða sérstakan húsnæðisstuðning, en gögnin þar ná aðeins til ársins 2017. Upplýsingar um leigufjárhæð umsækjenda sem fá sérstakan húsnæðisstuðning eru þar flokkaðar eftir tegund leigusala. Leiguverð Félagsbústaða hefur þróast frá árinu 2017-2024 sem 74%-81% af markaðsleigu. Hæsta leiguverð Félagsbústaða er 301.702 kr. og hússjóður er 40.376 kr. Rýmið sem er leigt er 158,2 fermetrar og fjöldi herbergja er fimm.

Ár	Meðalleiga Félagsbústaða	Meðalleiga eigna í einkaeigu	Hlutfall leigu FB af markaðsleigu
2017	114.916 kr.	147.727 kr.	78%
2018	121.571 kr.	157.344 kr.	77%
2019	125.010 kr.	164.852 kr.	76%
2020	130.592 kr.	170.929 kr.	76%
2021	137.218 kr.	175.360 kr.	78%
2022	148.302 kr.	199.221 kr.	74%
2023	161.813 kr.	199.011 kr.	81%
2024	171.303 kr.	216.991 kr.	79%

